



Alþingi - nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2015

1502044HA VRH
Málalýkill: 613

Efni: Umsögn Hafnasambands Íslands um frumvarp til lag um breyting á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (hafnríkisaðgerðir).

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. febrúar 2015, þar sem óskað er eftir umsögn Hafnasambands Íslands um frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands (hafnríkisaðgerðir), 418. mál. Hafnasamband Íslands hefur farið yfir ofangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við frumvarpið:

1. Í athugasemdum með frumvarpinu er því lýst að markmið þess sé að styrkja eftirlit með fiskveiðum erlendra skipa til samræmis við alþjóðasamning Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Einnig kemur fram að frumvarpinu sé ætlað að styrkja stöðu Íslands í samningaviðræðum um veiði úr einstökum fiskistofnum. Þessi tilgangur er vafalaust jákvæður þegar litið er til íslenskra hagsmuna, en benda má þó á að viðræður um fiskveiðisamninga Íslands við strandríki í Norður Atlantshafi hafa gengið misjafnlega. Ætla má að frumvarpið herði einnig á því að íslensk stjórnvöld nái samningum við strandríki sem hafa hagsmuni af veiðum úr sameiginlegum stofnum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að hafnir, fyrirtæki á Íslandi í flutningum, fyrirtæki í útgerð og fleiri aðilar líta til aukinna samskipta og viðskipta við nágrannalönd Íslands, einkum Grænland og Færeyjar, á sviði sjávarútvegs. Því er mikilvægt að samningar um sameiginlega fiskistofna liggi fyrir sem allra fyrst og til lengri tíma ef kostur er.
2. Hafnir á Íslandi koma ekki að málum ef skipi er bannað að sigla til hafnar. Í þeim efnum er það alfarið ákvörðun ríkisins. Hins vegar er ljóst að regluverk ríkisins þarf að vera skýrt ef banna á útgerð eða áhöfn skips að kaupa þjónustu ef skipinu hefur áður verið heimilað að koma til hafnar, sbr. ákvæði 3. tl. a.-liðar 1. gr. frumvarpsins og ákvæði í b.-lið sömu greinar. Nærtækt dæmi er koma færeyska skipsins Næraberg í september 2014 til hafnar í Reykjavík. Málsmeðferðarreglur voru engar, skilaboð til hafnaryfirvalda engin auk þess sem viðeigandi yfirvöld ríkisins, sem fóru með málið voru óviss um hvernig taka ætti á aðstæðum. Slíkt er að sjálfsögðu óviðunandi fyrir alla aðila. Augljóst er að ef styðjast á við lagaákvæði sem bannar útgerð eða áhöfn að kaupa þjónustu svo sem vatn, vistir og nauðsynlega viðhaldsþjónustu, þá þarf ábyrgð á slíkri ákvörðun að vera skýr, málsmeðferðarreglur formlegar og fyrirvar málsins ótvírætt. Sama á við um ef skipi er vísað úr höfn, en í því efni þarf að vera skýrt hver tekur slíka ákvörðun, með hvaða hætti og hver framfylgir henni. Fyrirliggjandi frumvarp tryggir ekki þessa hlið mála.
3. Á undanförunum árum og áratugum hafa erlend skip af ýmsu þjóðerni komið til hafna á Íslandi og keypt þar ýmis konar þjónustu og landað þar eða umskipað afla. Ekki verður séð að ákvæðum laga um veiðar og



vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands hafi verið framfylgt af sérstakri stefnufestu. Því hafa tvö tilvik á árinu vakið athygli þ.e. annars vegar koma skipsins Næraberg og hins vegar bann á löndun úr skipinu Skálaberg, sem sigldi í framhaldi með afla til Þórshafnar í Færeyjum. Tilfallandi beiting þessara lagaákvæða er ekki til þess fallin að auka tiltrú á að markmið laganna sé að styrkja eftirlit með fiskveiðum erlendra skipa.

4. Í 3. tl 1. gr. frumvarpsins er skipi óheimilt að koma til íslenskrar hafnar ef það stundar veiðar eða vinnslu á afla og er í eigu eða rekstri aðila sem á eða rekur skip sem fellur undir 2. tl. greinarinnar. Að mati Hafnasambands Íslands þarf augljóslega að gera bragarbót á þessu orðalagi. Í ljósi eignarhalds íslenskra fyrirtækja í félögum sem stunda veiðar utan íslenskrar efnahagslögsögu er spurt hvort slíkt valdi því að öllum öðrum skipum í eigu þeirra félaga sé bönnuð koma í íslenskar hafnir? Með víðtækri túlkun orðalags greinarinnar má gera ráð fyrir að slíkt hefði veruleg áhrif á íslenskra útgerðir sem eiga hlut í erlendum útgerðum.
5. Í 3. tl. 1. gr. frumvarpsins er áskilið að láta skuli „ráðuneytinu“ og Fiskistofu í té ýmis gögn án endurgjalds og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða. Eðlilegt er að stjórnvöld afli þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru, en óeðlilegt að þau geti gert slíkt án takmarkana á kostnað annarra.
6. Í 5 tl. 3. gr. frumvarpsins er ákvæði um birtingu upplýsinga um hafnir sem heimilað er að taka á móti erlendum fiskiskipum og í athugasemd með frumvarpinu má sjá upptalningu á þeim höfnum. Hafnasamband Íslands kannast ekki við að haft hafi verið samráð við hafnasambandið um þessa upptalningu hafna og telur hana óþarfa. Þá er bent á að upptalningin vísar til ákveðinna kaupstaða, en hafnarsjóðirnir, sem reka hafnirnar, hafa oft á hendi rekstur á fleiri en einu hafnarsvæði. Hafnasamband Íslands telur eðlilegt að upptalning þessara hafna verði endurskoðuð og hún miðuð við hafnarsjóði í stað kaupstaða. Þá verður ekki séð hvað valdi því að ekki sé getið hafna Snæfellsbæjar, hafna Reykjanesbæjar, Akraness, Sandgerðis og Vopnafjarðar svo dæmi séu nefnd. Eðlilegra væri að allar hafnir sem telja sig geta tekið á móti erlendum skipum séu jafn settar í anda frjálsra viðskipta.
7. Það er mat Hafnasambands Íslands að framangreint frumvarp þarfnist betri skoðunar ef það á að ná þeim markmiðum sem sett eru og einkum þurfi að skoða málsmeðferðarreglur þegar ákvæðum laganna er beitt.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. mars 2015
Tílv: LHG-150304-02

Landhelgisgæsla Íslands (LHG) hefur eftirfarandi umsögn fram að færa um frumvarp til laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands (hafnarríkisaðgerðir), 418. mál:

Í 4. gr. laganna frá 1998 kemur fram að fiskiskip skulu á 12 klukkustunda fresti tilkynna til LHG stað, stefnu og hraða á meðan þau eru innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í breytingarfrumvarpinu er fjallað um 4.gr. LHG leggur til að í stað ákvæðis um 12 klukkustundir verði ákvæði um a.m.k. 12 klukkustunda frest þannig að opnað verði fyrir örari upplýsingar ef á þarf að halda í framtíðinni.

Ennfremur leggur LHG það til að það komi fram í 4. gr. að erlend veiðiskip og vinnsluskip sem sigla um fiskveiðilandhelgina hafi uppi fána síns ríkis til auðkenningar enda gera ákvæði Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna ráð fyrir því að skip aðildarþjóðanna sigli undir fána þjóðríkis síns m.t.t. samþykka hans.

Í 5. lið athugasemda við lagafrumvarpið er vísað til breyttra reglna NEAFC um PSC (port state control / hafnarríkiseftirlit) sem taka eiga gildi 01.07. n.k. Hingað til hafa þessar reglur einungis tekið til frosinna afurða en eftir breytinguna munu þær taka til allra afurða. Ljóst er að þetta mun hafa í för með sér aukið álag og kostnað á Sameiginlega Eftirlitsstöð LHG og Fiskistofu sem mönnum er og rekin af LHG.

Í 6. lið athugasemda við lagafrumvarpið „Mat á áhrifum“ kemur fram að ósennilegt er að framkvæmd samningsins vegna FAO hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnulífið eða stjórnsýsluna sem orð er að gerandi. Í því sambandi er bent á reynsluna af reglum NEAFC og NAFO. Í 16. gr. FAO samningsins er ákvæði um rafræna miðlun upplýsinga sem telja verður sambærilegt við kerfi NEAFC og NAFO. LHG vill koma því á framfæri að slíka ályktun verður að hugsa út frá hlutfallslegum tengslum við fjárheimildir. Reynslan af NEAFC og NAFO reglum m.t.t. Sameiginlegrar Eftirlitsstöðvar LHG og Fiskistofu hefur verið önnur, þar sem aukinn kostnaður vegna innleiðingar og viðhalds rafrænna eftirlitskerfa hefur haft í för með sér áþreifanlega, íþyngjandi rekstarkostnað fyrir LHG.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er athugasemd við 3. gr. sem fjallar um yfirlit yfir hafnir á Íslandi sem veita erlendum fiskiskipum móttöku. Þeim höfnum hefur verið fjölgað sbr. eftirfarandi tengil á heimasíðu NEAFC: https://psc.neafc.org/port_contacts#ISL

Ásgrímur L. Ásgrímsson

Framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs LHG

9. mars 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis

Jón Gunnarsson formaður


Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22/1998
um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi
Íslands, með síðari breytingum.
Þingskjal 626 – 418. mál

Landssamband smábátæigenda styður frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllt



Halldór Ármannsson formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2015

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (hafnríkisaðgerðir) 418. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (hafnríkisaðgerðir), 418. mál.

Samtökin taka undir þau sjónarmið sem koma fram í frumvarpinu um mikilvægi þess að styrkja eftirlit með fiskveiðum erlendra skipa til samræmis við alþjóðasamning FAO um hafnríkisaðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar (IUU fishing).

Ólöglegar og óábyrgar veiðar eru alþjóðlegt vandamál og ljóst er að árangur næst ekki í baráttunni gegn þeim nema í náinni samvinnu ríkja og með fullnægjandi lagalegum heimildum til að taka á málum sem upp koma í tengslum við ólöglegar veiðar. Á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana eins og NEAFC og NAFO á Norður-Atlantshafinu, sem og á vettvangi FAO, hafa ríki samþykkt margháttáðar reglur sem ætlað er að sporna gegn ólöglegum og óábyrgum veiðum hentifánaskipa á úthafinu. Þær reglur taka meðal annars til skipa sem staðin hafa verið að ólöglegum veiðum á úthafinu og verið færð á „svarta lista“ svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana.

Íslensk stjórnvöld undirrituðu samninginn í nóvember 2009. Það er mikið hagsmunamál fyrir Ísland að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskstofnanna sé ekki ógnað með ólöglegum og óábyrgum veiðum og þannig grafið undan ábyrgri fiskveiðistjórnun. Samtökin telja því einsýnt að frumvarp þetta nái fram að ganga, enda mun það styrkja stöðu Íslands í baráttunni gegn ólöglegum og óábyrgum fiskveiðum á alþjóðavettvangi að hann sé innleiddur í íslenskt lagaumhverfi.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.
fh. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

